

Mánudaginn 7. febrúar 1966.

Nr. 91/1965. **Sigurður Ögmundsson**

(Jón Hjaltason hrl.)

gegn

Von h/f (Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, og samdómsmennirnir, Angantýr Eliasson skipstjóri og Páll Þorbjörnsson skipstjóri, hafa kveðið upp héraðsdóminn.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. maí 1965. Hann krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 29.404.22 ásamt 7% ársvöxtum frá 2. maí 1961 til 30. desember 1964 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi. Þá krefst áfrýjandi og sjóveðréttar í v/b Von II, VE 113, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar af áfrýjanda hér fyrir dómi.

Áfrýjandi sundurliðar fjárkröfu sína þannig:

- I. Vangoldið kaup frá vetrarvertíð 1961 kr. 198.82
- II. Skaðabætur vegna uppsagnar skipstjóra-
starfa á v/b Von II, VE 113, 2. maí 1961 .. kr. 29.205.40

Samtals kr. 29.404.22

Um 1. kröfulið.

Kröfuliður þessi, kr. 198.82, var í héraði samþykktur af stefnda og fjárhæðin dæmd áfrýjanda. Samkvæmt kvittun Landsbanka Íslands 17. desember 1965, sem lögð hefur verið fyrir Hæstarétt, hefur stefndi lagt þar í greiðslugeymslu áfrýjanda til handa fjárhæð þessa ásamt vöxtum, samtals kr. 262.00. Að svo vöxnu kemur krafan eigi frekar til álita hér fyrir dómi.

Um II. kröfulið.

Með skírskotun til þess, sem rakið er í héraðsdómi, verður við það að miða, að áfrýjanda hafi hinn 2. maí 1961 verið vikið úr skipstjórastöðu sinni fyrirvaralaust og án saka. Samkvæmt 3. og 8. gr. sjómannalaga nr. 41/1930 á áfrýjandi af þessu efni rétt á bótum úr hendi stefnda. Ekki gætir samræmis í þessum ákvæðum um fjárhæð bótanna í vissum tilvikum. Samkvæmt orðalagi 3. mgr. 3. gr. virðist skipstjóri þurfa að hlíta lækkun bóta vegna atvinnutekna á öðrum vettvangi næstu þrjá mánuði eftir frávikningu. Í 8. gr. er fjallað um aukatekjur skipstjóra þ. á m. aflahlut, þegar hann á rétt á kaupí lengri tíma en hann gegnir starfi sínu. Í máli þessu er aflahlutur meginkrafa áfrýjanda. Hins vegar verður ekki ráðið af orðalagi 8. gr., að skipstjóri þurfi að hlíta frádrætti frá þeim bótum, sem greinin ræðir um, vegna tekna annars staðar frá. Þessi ákvæði 3. og 8. gr. voru upphaflega sett í þágu skipstjóra til þess að tryggja rétt hans vegna fyrirvaralausrar frávikningar, sem heimiluð er í 1. mgr. 3. gr. laganna. Eigi eru efni til, að sá, sem vikur manni úr starfi án saka og er því skaðabótaskyldur, hafi, hvernig sem á stendur, hag af því, þótt þeim, sem ranglega var upp sagt, takist á þeim uppsagnartíma, sem honum bar, að vinna sér nokkrar tekjur. Að öllu þessu athuguðu þykir rétt að leggja aflahlut, sem greinir í kröfugerð, kr. 22.837.10, óskertan til grundvallar bótum áfrýjanda. Ber stefnda að greiða áfrýjanda þá fjárhæð ásamt vöxtum, eins og krafizt er, og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 13.000.00. Á áfrýjandi sjóveðrétt til tryggingar fjárhæðum þessum í v/b Von II, VE 113, sbr. 2. tölulið 236. gr. siglingalaga nr. 56/1914.

Dómsorð:

Stefndi, Von h/f, greiði áfrýjanda, Sigurði Ögmundssyni, kr. 22.837.10 ásamt 7% ársvöxtum frá 2. maí 1961 til 30. desember 1964 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 13.000.00.

Áfrýjandi á sjóveðrétt í v/b Von II, VE 113, til tryggingar greindum fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttardómara.

Fyrirsvarsmenn stefnda sáu eigi um, að gerður yrði skriflegur ráðningarsamningur við áfrýjanda, er hann um haustið réðst sem skipstjóri á m/b Von II, VE 113, sbr. 1. gr. sjómannalaganna nr. 41/1930, er þá giltu um þetta efni, og eigi er sannað, að hann hafi verið ráðinn til ákveðins tíma. Samkvæmt ákvæðum 20. gr. kjarasamnings Landssambands íslenzkra útvegsmanna og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, sem á þessum tíma giltu um lögskipti aðilja, ber áfrýjanda þriggja mánaða uppsagnarfrestur.

Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 3. gr. laga nr. 41/1930 var fyrirsvarsmönnum stefnda heimilt að vikja áfrýjanda úr stöðu hans hinn 2. maí 1961, svo sem rakið er í héraðsdómi, en þá átti hann rétt á bótum fyrir það tjón, er frávikningin bakaði honum, sbr. 2. mgr. 3. gr. laganna. Því er ómótmælt, að skipstjóri sá, er tók við skipstjórn á m/b Von II eftir áfrýjanda, hafi á tímabilinu fá 3. maí 1961 til 3. ágúst s. á. borið úr bótum kr. 29.205.40 sem kaup og aflahlut, og miðar áfrýjandi köfu sína við þá fjárhæð. Hinsvegar er viðurkennt af áfrýjanda, að hann hafi á sama tíma haft kr. 33.227.30 í vinnutekjur. Þar sem eigi er í ljós leitt, að áfrýjandi hafi orðið fyrir tjóni vegna frávikningar á hann samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 3. gr. laga nr. 41/1930 ekki rétt til bóta úr hendi stefnda vegna þessa.

Í héraðsdómi var stefnda dæmt að greiða áfrýjanda kr. 198.22, en viðukennt var af hendi stefnda, að félagið skuldaði áfrýjanda þetta fé. Samkvæmt kvittun Landsbanka Íslands, 17. desember 1965, sem lögð hefur verið fyrir Hæstarétt, hefur stefnda lagt þar í greiðslugeymslu áfrýjanda til handa fé þetta ásamt vöxtum, samtals kr. 262.00. Að svo vöxnu máli kemur þessi krafa eigi frekar til álita hér fyrir dómi.

Rétt er að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Stefnda, Von h/f, skal vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Sigurðar Ögmundssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 10. apríl 1965.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ. m., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja af Sigurði Ögmundssyni skipstjóra, Hásteinsvegi 3, Vestmannaeyjum, með stefnu, útgefinni 12. okt. 1961 og birtri á hendur stjórnendum Vonar h/f, Vestmannaeyjum, fyrir hönd félagsins, þeim Jóni Vigfússyni stjórnarformanni, Helgafellsbraut 17, Vestmannaeyjum, Guðmundi Vigfússyni, Hringbraut 75, Hafnarfirði, og Guðlaugi Vigfússyni, áður til heimilis að Kirkjubæjarbraut 1, en fluttum til Reykjavíkur, til heimtu vangoldins kaups frá vetrarvertíðinni 1961, kr. 198.82, og greiðslu vegna fyrirvaralausrar brottvikningar úr skipstjórastarfi á m/b Von, VE 113, hinn 2. maí 1961, aðallega kr. 29.205.40, en til vara kr. 23.656.59, eða samtals aðallega kr. 29.404.22, en til vara kr. 23.855.41, hvort tveggja ásamt 8% ársvöxtum frá 2. maí 1961 til greiðsludags auk alls málskostnaðar að fullu að skaðlausu, þar með talin full málfærslubóknun fyrir dóminum samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands svo verði og einnig viðurkenndur sjóveðréttur í m/b Voninni II, VE 113, fyrir öllum stefnukröfunum.

Í lok málsins voru kröfur stefnanda á þessa leið:

Aðallega, að stefndur verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 29.404.22, til vara kr. 23.855.41 og til þrautvara kr. 4.976.75, allt ásamt 7% ársvöxtum frá 2. maí 1961 til 31. des. 1964 og 6% ársvöxtum frá 2. maí 1961 til 31. des. 1964 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk alls málskostnaðar að skaðlausu, þar með talin full málfærslubóknun fyrir dóminum samkv. taxta Lögmannafélags Íslands, svo verði og viðurkenndur sjóveðréttur í v/b Voninni II, VE 113, fyrir öllum dæmdum kröfum. Stefndu mættu í málinu og gerðu þær réttarkröfur aðallega, að þeir yrðu algerlega sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hans hendi, en til vara, að kröfur

stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Stefnandi skýrir svo frá, að í september 1960 hafi þeir Guðlaugur Vigfússon og Jón Vigfússon komið að máli við hann og óskað eftir, að hann tæki við skipstjórn á bát þeirra, Voninni II, VE 113, og í október var svo ráðið, að hann tæki boði þeirra. Áður en hann tók við skipstjórn, kveðst hann hafa gert þeim ljóst, að hann mundi ekki fara með bátinn, ef hann færi á síldveiðar fyrir Norðurlandi á komandi sumri, heldur því aðeins, að báturinn yrði gerður út á togveiðar yfir sumartímann. Hafi þetta verið samþykkt af eigendum bátsins. Um mánaðamótin október/nóvember 1960 tók hann síðan við skipstjórn á bátnum og fór á síldveiðar við Vestmannaeyjar og á línu um mánaðartíma. Eftir áramótin hófst svo vetrarvertíðin, og var báturinn gerður út á línu og net. Hinn 2. maí 1961 lauk vetrarvertíðinni, og voru veiðarfærin tekin upp þann dag. Meðan á því stóð þann dag, kom Guðlaugur Vigfússon að máli við hann og sagði honum, að nú væri breytt viðhorf hjá eigendum gagnvart ráðningu hans, væri nú ákveðið að selja bátinn og mundi annar þeirra, sem keypti, verða skipstjóri á bátnum. Daginn eftir var báturinn hreinsaður og gengið frá honum. Nokkrum dögum síðar var gert upp, og annaðist Guðlaugur Vigfússon uppgjórið. Kveðst stefnandi þá hafa farið fram á, að honum yrði greiddur samningsbundinn uppsagnarfrestur eða kaup í 3 mánuði. Spurði Guðlaugur þá, hversu miklu það næmi, og kveðst stefnandi hafa bent honum á að fá upplýsingar hjá formanni Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi. Frétti hann síðan, að Guðlaugur hefði snúið sér þangað. Greiðslan fékkst hins vegar ekki, og höfðaði stefnandi svo mál þetta og gerði þær kröfur, sem áður greinir.

Eftir að stefnandi fór úr þjónustu stefndu, var hann atvinnulaus um tíma, en seinni hluta maímánaðar vann hann í 10 daga á netjaverkstæði Guðbrands Reykdals Jónssonar. 5. júní réðst hann svo stýrimaður á m/b Leó, VE 400, og er á bátnum um sumarið, ýmist stýrimaður eða skipstjóri.

Aðalkrafa stefnanda í málinu er við það miðuð, að stefnandi eigi að bera það sama úr bótum fyrstu 3 mánuðina eftir uppsögnina og skipstjórinn, sem tók við bátnum, fékk í kaup og hlut, og er krafan sundurliðuð á þessa leið:

1. Kaup við standsetningu fyrir veiðitímabil, 40 dagar, 8 tímar á dag, kr. 25/69 með orlofi kr. 8.220.80
2. Aflahlutur frá miðjum júní til 2. ágúst skv. greinargerð — 22.837.10

3. Kaup skv. samningi í 1½ mán. ásamt orlofi	—	397.50
	Samtals kr.	31.455.40
Þar frá dregst áætlaður fæðiskostnaður í 1½ mánuð	—	2.250.00
	Samtals kr.	29.205.40
Þar við bætist:		
Innstæða skv. reikn.	kr.	122.82
Sjúkrasamlagsgjöld	—	76.00
	Alls kr.	29.404.22

Varakrafa stefnanda er kauptrygging í 3 mánuði og kaup skipstjóra samkv. samningum og sundurliðast þannig:

1. Kauptrygging skipstjóra í 3 mánuði samkv. samningi	kr.	22.747.59
2. Kaup skipstjóra skv. samningi í 3 mánuði	—	795.00
3. Sjúkrasamlagsgj. í 3 mánuði	—	114.00
	Kr.	23.656.59

Vangreidd innstæða og sjúkrasamlagsgjöld	—	198.82
	Alls kr.	23.855.41

Þrautavarakrafa stefnanda er miðuð við kauptryggingu þann tíma, sem stefnandi var ekki í neinu föstu starfi, eða þar til hann hóf starf á m/b Leó. Sundurliðast krafan þannig:

Kauptrygging í mánuð	kr.	7.582.53
— í 4 daga	—	1.067.40
Kaup	—	265.00
Sjúkrasamlagsgjöld	—	38.00
	Kr.	8.952.93
Þar frá dragast laun hjá Netjagerð Reykdals Jónsonar	kr.	4.175.00
	Kr.	4.777.93

Stefndu halda því fram, að stefnandi hafi aðeins verið ráðinn sem skipstjóri á bát þeirra á vetrarvertíðinni 1961. Þeir Guðlaugur Vigfússon og Jón Vigfússon skýra svo frá, að þeir hafi snúið sér til stefnanda og óskað eftir, að hann tæki að sér formennsku á bátnum, en stefnandi hafi sett sem skilyði, að hann færi ekki með bátinn á sildveiðar fyrir Norðurlandi sumarið eftir. Að þessu hafi þeir gengið og ráðið hann á bátinn yfir vetrarvertíðina, eða til vors 1961. Guðmundur Vigfússon hafi síðan samþykkt ráðninguna. Ráðning stefnanda hafi verið með sama móti og áður hafði tíðkapt um ráðningu skipstjóra á bátinn. Báturinn hafði um mörg ár verið látinn fara á sumarsildveiðar fyrir Norðurlandi, en undanfarandi þrjú sumur hafi sami maðurinn verið með bátinn yfir sumartímann, vegna þess að þeir, sem gegndu formennsku á vetrarvertíðinni, hefðu sett sama skilyrðið og stefnandi og verið ráðnir tímabundið. Með því að ráðning stefnanda var á þann veg, sem nú hefur verið lýst, fóru stefndu þegar í marz um veturinn að leita eftir manni, sem vildi vera með bátinn yfir sumarið, en af ráðningu varð þó ekki. Um vorið stóð til, að báturinn yrði seldur, og kveðst Guðlaugur Vigfússon hafa skýrt stefnanda frá þessu 2. maí 1961, en um uppsögn hafi ekki verið að ræða frá hans hálfu, vegna þess að uppsögn var óþörf, þar eð ráðningartíma stefnanda var lokið samkv. því, sem upphaflega var samið milli þeirra.

Aðiljar eru einir til frásagnar um samkomulag þeirra, og skriflegur ráðningarsamningur var ekki gerður. Samkvæmt lögum og gildandi kjarasamningi átti skipstjóri rétt á 3ja mánaða uppsagnarfresti, og skyldi uppsögn vera skrifleg. Stefndu hefur ekki tekizt að sanna, að ráðning stefnanda hafi verið tímabundin, og upplýst er, að honum var ekki sagt upp starfinu, meðan vertíð stóð yfir. Af þessu leiðir, að stefnandi átti rétt til bóta, sem svara til kaups og hlunninda í 3 mánuði, eftir að hann fór úr þjónustu stefndu.

Stefnandi vann á Netjaverkstæði Reykdals Jónssonar í 10 daga seinni hluta maímánaðar 1961 og hafði kr. 4.175.00 í kaup fyrir vinnu sína. Hinn 6. júní 1961 hóf hann vinnu á m/b Leó, VE 400, og frá þeim degi til 3. ágúst s. á. nam aflahlutur hans kr.

29.052.30. Samkvæmt þessu námu atvinnutekjur hans fyrstu þrjá mánuðina eftir uppsögnina kr. 33.227.30. Er það hærri fjárhæð en aðalkrafa hans nemur í máli þessu, en þar er miðað við þær tekjur, sem hann mundi hafa haft á m/b Von fyrstu þrjá mánuðina eftir uppsögnina, eins og áður er getið, ef hann hefði haldið áfram starfi sínu. Upplýsingar þessar sýna fram á, að fyrirvaralaus uppsögn stefndu hefur ekki bakað stefnanda fjárhagslegt tjón, og verða stefndu því sýknaðir af bótakröfum hans.

Reikningsinnstæða stefnanda, kr. 122.82, er viðurkennd, og hafa stefndu lýst yfir, að hún hafi jafnan staðið stefnanda til boða, en hann hafi neitað að veita henni viðtöku. Einnig er sjúkrasamlagsgjaldið, kr. 76,00, viðurkennt. Stefndu verða því dæmdir til að greiða þessar fjárhæðir, samtals kr. 198,22, ásamt vöxtum, eins og krafizt er, enda hafa stefndu ekki sýnt fram á, að stefnandi hafi neitað að veita móttöku framboðinni greiðslu.

Rétt þykir að ákveða, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndu, Jón Vigfússon, Guðmundur Vigfússon og Guðlaugur Vigfússon f. h. Vonar h/f, greiði stefnanda, Sigurði Ögmundssyni, kr. 198.22 ásamt 7% ársvöxtum frá 2. maí 1961 til 31. des. 1964 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.